



Dómsmálaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Fjallabyggð 29. 07.2022

Efni: Umsögn um mál nr. 122/ 2022 frumvarp til laga um sýslumann

Á samráðsgátt stjórnvalda hefur verið kynnt til umsagnar drög að frumvarpi til laga um sýslumann.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar hefur yfirfarið drögin að frumvarpinu og hvetur ráðherra eindregið til að nýta þau tækifæri sem gefast til að bæta þjónustu við almenning, efla starfstöðvar sýslumanna á landsbyggðinni og skjóta þar með styrkari stoðum undir blómlega byggð í landinu öllu. Bæjarstjórn vill þó koma á framfæri efasemdum um fækkun sýslumannsembætta úr níu í eitt og hvetja til skoðunar á möguleika þess að hafa að lágmarki eitt embætti í hverjum landsfjórðungi.

Markmið frumvarpsins um að bæta þjónustu er lofsvert sem og markmið um að efla núverandi starfsemi og styrkja starfstöðvar sýslumanna sem þjónusta almenning um land allt. Í ljósi þess að starfsemi sýslumanna hefur komið vel út í þjónustukönnunum undanfarin ár, er þó mikilvægt að kveðið verði nánar á um í frumvarpinu í hverju bætt þjónusta eigi að felast svo og hvernig tryggja megi að hún verði jafn aðgengileg og skilvirk fyrir íbúa og verið hefur.

Í frumvarpsdrögunum er að finna jákvæðar áherslur sem varða þau fjölmörgu tækifæri sem felast í stafrænni þróun sem auðveldar einstaklingum að nýta þjónustuna sem og staðsetningu starfa óháð staðsetningu höfuðstöðva eða ráðuneytis. Hafa ber þó í huga að stafrænni þjónustu er ætlað að vera viðbót við þá mannlegu þjónustu sem veitt er nú þegar á hverri starfsstöð. Verkefni sýslumanna eru mannleg í eðli sínu og snerta oft einstaklinga á þeirra viðkvæmustu stundum í lífinu, sbr. fjölskyldumál og dánarbúsmál. Drögin fela í sér óþarflega víðtækt framsal valds til ráðherra. Það er sett í hendur ráðherra að ákveða með reglugerð hvaða þjónustuframboð verði á hverri starfsstöð. Réttara væri að skilgreina í lögum hvaða ákveðna lágmarksþjónusta verði veitt á hverri starfsstöð, t.a.m. að þjónusta í sífjamálum, dánarbúum, TR, lögbókanda og lögráðamálum verði veitt á öllum starfsstöðvum, og að ekki verði um þjónustuskerðingu að ræða fyrir íbúa. Mikil og fjölbreytt þekking er til staðar hjá löglærðum fulltrúum og starfsfólki starfsstöðva embætta sýslumanna. Með sérhæfðri þjónustu á landsvísu og staðbundinni þjónustu í heimabyggð er hætt á að þessi mikla þekking og tengsl við samfélagið fari forgörðum og ákveðinn spekileki eigi sér stað. Minnt er á að um árabíl hefur skrifstofa sýslumanns á Siglufirði með góðum árangri annast sérstök verkefni fyrir dómsmálaráðuneytið og þar hefur orðið til verðmæt sérþekking.

Uppbygging miðlægðrar og sérhæfðrar framkvæmdar verkefna á landsvísu má ekki verða til þess að hin fjölbreytta þjónusta sýslumanna í heimabyggð fari forgörðum en það er því miður hætt á því eins og frumvarpsdrögin liggja fyrir. Ekkert fjármagn liggur fyrir eða hefur verið eyrnamerkt hinu fyrirhugaða nýja embætti sýslumanns og því erfitt að sjá hvernig hvaða þjónusta verður tryggð á hverri starfsstöð og nauðsynlegan fjölda starfsmanna.

Löggjöf hér á landi í fjölskyldumálum hefur ávallt verið efnislega samhljóða sambærilegri löggjöf á hinum Norðurlöndunum og þá sérstaklega Danmörku. Ekki er að sjá að sú lagabreyting sem lögð er fram í frumvarpsdrögum eigi sér hliðstæðu á hinum Norðurlöndunum, þ.e. að fjölskyldumálefni séu unnin miðlægt á landsvísu í stað þess að vera unnin heima í héraði eða "lokalt". Engin rökstuðningur kemur fram í greinargerð með frumvarpinu um hvers vegna ákveðið hefur verið að hverfa frá hinu samnorræna fyrirkomulagi.

Alls vinna nú um 250 manns hjá sýslumannsembættum landsins og þar af starfa langflestir hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu í Kópavogi. Hvatt er til að enn fleiri störf verði unnin á landsbyggðinni og fleiri opinber störf verði óháð staðsetningu. Þannig er möguleiki á að nýta starfsstöðvar sýslumannsembættanna á landsbyggðinni sem taldar eru upp í 3. gr. laganna um sýslumann, til að hýsa fleiri störf á vegum sýslumanns sem og önnur opinber störf á vegum ráðuneyta og stofnana sem óháð eru staðsetningu. Rétt er þó að minna á að fyrirheit um fjölgun opinberra starfa og verkefna hjá sýslumönnum sem gefin voru við síðustu fækkun embætta gengu því miður ekki eftir. Er því mikilvægt að búið verði að tryggja opinber störf og verkefni sem flytja má til starfstöðva sýslumanna áður en frumvarp þetta verður að lögum. Þjónusta sýslumanna í héraði er eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu gamalgróin og hefur um langt skeið gengt veigamiklu hlutverki í stjórnskipan landsins. Standa skal standa vörð um og tryggja að þessi þjónusta í héraði verði ekki skert.

Sigríður Ingvarsdóttir

Bæjarstjóri Fjallabyggðar